

# Líffærafræðitími veturinn 1944

Porkell Jóhannesson, Tryggvi Ásmundsson

Myndin er tekin í stofu XI í aðalbyggingu Háskóla Íslands þar sem 9 læknanemar sitja í kennslustund hjá prófessor Jóni Steffensen (1905-1991). Hér er horfst í augu við liðna tíð og hugað að prófi. Venja var að læknanemi settist í fremstu röð ef hann ætlaði að ganga undir fyrsta hluta próf í læknisfræði innan skamms, þetta var einskonar yfirlýsing af hálfu nemandans og tækifæri til að æfa

síu í að segja frá og ræða við prófessor Steffensen. Tók prófessor Jón þá gjarnan upp til þess að kanna kunnáttu þeirra. Steffensen kenndi líffærafræði og svæðalýsingar líffæra ásamt lífeðlisfræði og lífefnafræði og hafði árum saman með höndum nær alla kennslu í fyrsta hluta í deildinni. Kennsla hans var því ómanneskjulega mikil í nútímaskilningi.



Ljósmyndari tímaritsins „Life“ tók myndina árið 1944 í kennslu í Háskóla Íslands. Hjalti Þórarinnsson (1920-2008) situr á fremsta bekk og Snorri Páll Snorrason (1919-2009) á öðrum bekk. Á aftasta bekk teljum við vera, talið frá vinstri: Ragnhildur Ingibergsdóttir (1923), Jónas Bjarnason (1922-1998), Stefán Haraldsson (1922-1996), fjórða manninn þekkjum við ekki, Jakob Jónasson (1920-2003) og Stefán P. Björnsson (1919-1999). Sjötta manninn þekkjum við ekki en giskum á að gæti verið Þorsteinn Árnason (1923-1965). Gott væri ef glöggir kollegar gætu bætt hér um. Myndin er úr safni Friðþórs Eydal og hefur ekki birst áður opinberlega.